

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13,
108 REYKJAVÍK,
SÍMI 545 1200,
TELEFAX 545 1212,
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160,
128 REYKJAVÍK.

Reykjavík 20. nóvember 2002

Athugasemdir Neytendasamtakanna við frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki.

Neytendasamtökin gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

19. gr. Neytendasamtökin telja að vísun 19. gr. til góðrar viðskiptavenju sé skírskotun til einhvers sem er afar lítið mótað enda eru venjur á fjármálamarkaði hér á landi takmarkaðar. Af þeim sökum leggja samtökin til að Fjármálaeftirlitið gefi út leiðbeinandi reglur sem fjármálafyrirtækjum beri að starfa eftir.


Tillaga Neytendasamtakanna um orðalag 19. gr. er því eftirfarandi:

Fjármálafyrirtæki skal starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Sömuleiðis skal fjármálafyrirtæki starfa í samræmi við leiðbeiningarreglur Fjármálaeftirlitsins um hvað teljist góðir viðskiptahættir fjármálafyrirtækis á hverjum tíma.

21. gr. Í 2. mgr. 21. gr. er horfið frá því að gera samþykki Fjármálaeftirlitsins að skilyrði fyrir því að fjármálafyrirtæki taki upp hliðarstarfsemi og farin sú leið að fjármálafyrirtæki beri að tilkynna um slíkt til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið hefur svo einn mánuð til að gera athugasemdir. Berist þær ekki innan mánaðar frá því tilkynning berst má fjármálafyrirtæki líta svo á að heimilt sé að hefja starfsemina.

Neytendasamtökin vilja halda óbreyttu fyrirkomulagi, þ.e. að samþykki Fjármálaeftirlitsins þurfi til að fjármálafyrirtæki sé heimilt að taka upp hliðarstarfsemi. Tillaga frumvarpsins býður þeirri hættu heim að starfsemi sem að mati Fjármálaeftirlitsins er ekki í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækis verði engu að síður hleypt af stokkunum líði mánaðarfresturinn fyrir mistök án þess að gerðar séu athugasemdir.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna


Ólöf Embla Einarsdóttir, lögfr.